

Hafnarfjarðarbær
Berglind Guðmundsdóttir
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 4. mars 2024
UST202402-053/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Hestamannafélagið Sörli - Hafnarfjörður

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðar er barst 5. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu að deiliskipulagi fyrir Hestamannafélagið Sörli í Hafnarfirði.

Í greinargerð kemur að breytingar eru gerðar á skipulagsmörkum fyrir athafna- og íþróttasvæðis hestamannafélagsins Sörli við Sörlaskeið. Norðvestur horn svæðisins mun nú tilheyra skipulagssvæði Gráhelluhrauns, stærð svæðisins er 3360,9 m². Einnig er breytt fyrirkomulag bílastæða, göngu- og reiðleiða og lóðin Sörlaskeið 13A mun minnka um 1965,5m², verður 82.760,4 m² í stað 84.825,9 m².

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á hluti svæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Því þarf að setja fram skilmála um verndun hraunsins í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga. Í breytingartillögu fyrir skipulagið segir fara skal fram úttekt á verðmæti hraunmyndanna og trjáa áður en framkvæmd hefst og henni fylgt til hins ýtrasta við framkvæmd.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif framkvæmdarinnar á hraun á skipulagsstiginu. Sbr. skipulagsreglugerð, ef í ljós kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir eða starfsemi geta haft neikvæð áhrif á umhverfið skal gera breytingar á deiliskipulagstillögunni til að draga úr hinum neikvæðu áhrifum eða rökstyðja af hverju það er ekki gert. Setja skal skilmála um vöktun áhrifa og um hvernig bregðast eigi við umhverfisvandamálum eftir því sem þörf er á.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur